

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2021, föstudaginn 8. janúar kl. 09:03, var haldinn 45. fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 3. hæð, Arnarholti. Viðstödd var Líf Magneudóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Kristín Soffía Jónsdóttir, Sabine Leskopf, Rannveig Ernudóttir, Egill Þór Jónsson, Björn Gíslason, Baldur Borgþórsson og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins Ólafur Jónsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Þórólfur Jónsson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Þórhildur Ósk Halldórsdóttir og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Petta gerðist:

(E) Umhverfismál

1. Loftlagsáætlun 2021-2025, Mál nr. US210001
Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum árin 2021-2025, drög, kynning

Lögð fram drög að Loftlagsáætlun 2021-2025, dags. 14. desember 2020, ásamt viðaukum.

Hrönn Hrafnisdóttir sérfræðingur, Vigdís Hauksdóttir og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir fulltrúar í stýrihópi um loftslagsstefnu Reykjavíkur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt svohljóðandi málsmeðferð:

Ráðið samþykkir að senda drögin til kynningar og frekara samráðs til hagaðila og almennings.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Ný aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er hér kynnt í drögum. Boðaðar eru ítarlegar og metnaðarfullar aðgerðir í loftslagsmálum þar sem áratugur aðgerða er runninn í garð. Víðtækt samráð var haft við mótun aðgerðaráætlunarinnar og mikil þátttaka almennings, félagasamtaka og fagaðila einkenndi ferlið. Ráðið samþykkir að senda drögin til kynningar og frekara samráðs til hagaðila og almennings. Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin taki frekari breytingum í því samráðsferli.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Miðflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Margt ágætt er í drögum að loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar. Hins vegar er áhyggjuefni að fyrstu drög ganga gegn samgöngusáttmála sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu en þar er markmiðið skýrt: „Að stuðla að greiðum, skilvirkum, hagkvæmum og öruggum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu með jafnri uppbyggingu innviða allra samgöngumáta“.

Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi í stýrihópi um loftslagsstefnu Reykjavíkur leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Miðflokksins sem á sæti í stýrihópi um loftslagsstefnu Reykjavíkur þakkar starfsmönnum stýrihópsins fyrir vel unnin störf við gerð stefnunnar. Því er fagnað að tekið var tillit til sjónarmiða borgargarfulltrúa Miðflokksins m.a. það að notast við eins nýjar upplýsingar og til voru. Vinna hópsins tafðist um nokkra mánuði vegna þessa en töfin leiddi það af sér að vinna hópsins bætti faglega niðurstöðu skýrslunnar. Auðvitað er það eðlilegt að sjónarmið aðila í stýrihópnum skarast vegna mismunandi pólitískra skoðana þó að í heildina er tekið undir margt sem kemur fram í loftslagstefnunni eru nokkur atriði sem ekki er hægt að skrifa undir. Því gerir borgarfulltrúi Miðflokksins formlegan fyrirvara á skýrsluna og situr hjá við afgreiðslu hennar út úr stýrihópnum.

Fulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Undir þessi sjónarmið tekur Baldur Borgþórsson nefndarmaður Miðflokksins í umhverfis- og heilbrigðisráði.

(D) Ýmis mál

2. Fulltrúi Miðflokksins leggur fram Mál nr. US210002
svohljóðandi fyrirspurn,

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur var falið að taka út skotsvæðið í Álfsnesi á árinu 2020 og skila skýrslu um mengun á svæðinu og að gera hljóðmælingar. Núverandi starfsleyfi rennur út 1. mars 2021. 1. Hvað líður gerð skýrslunnar? 2. Er hún tilbúin og er búið að kynna hana fyrir einhverjum hagsmunaaðilum s.s. íbúum á Kjalarnesi og Kollafirði og íbúaráði Kjalarness? 3. Hvað kom út úr mengunarmælingum á óæskilegum efnum í jörðu? 4. Hvað kom út úr hljóðmælingum? 5. A hvaða tíma voru hljóðmælingar gerðar sundurliðað eftir vikum á árinu 2020? 6. Hvernig á að standa að kynningu á skýrslunni fyrir almenningi?

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 10:17**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Líf Magneudóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sabine Leskopf
Egill Þór Jónsson

Rannveig Ernudóttir
Björn Gíslason
Baldur Borgþórsson